

STJÓRNARTÍÐINDI B 3 – 1997

8. janúar 1997

9

Nr. 9

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu á Seyðisfirði árið 1997.

1. gr.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1997.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki í kaupstaðnum. Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjalddagar og eindagar sorphirðugjaldsins þeir sömu og fasteignagjalda.

3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:			Kr.
A) Íbúðir		Sorphreinsigjald	2.720
		Sorpeyðingargjald	1.550
B) Fyrirtæki		Sorphreinsigjald	5.440
	Flokkur 1	Sorpeyðingargjald	5.330
	” 2	”	21.320
	” 3	”	42.640
	” 4	”	63.970
	” 5	”	85.285

Bæjarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka, m.a. eftir magni úrgangs.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðar, er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum, til að gilda fyrir árið 1997.

Umhverfisstjórnuneytinu, 8. janúar 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.